

Landsnet hf.
 Gylfaflöt 9
 112 Reykjavík

Reykjavík, 1. júlí 2022
 Tilvísun: OS2022010012/10.5
 Verknúmer: 3-10-1-30

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets fyrir árið 2021

Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir árin 2021 – 2025 með bréfi dags. 10. September 2020. Ákvörðun um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna fyrir árið 2021 lá fyrir með bréf dags. 15. maí 2020.

Orkustofnun hefur nú lokið uppgjöri tekjumarka Landsnets fyrir árið 2021 á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga. Uppgerð tekjumörk ásamt tekjum eru sem hér segir:

Tekjur:	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Flutningstekjur	5.963.813	9.799.864	15.763.677
Þjónustutekjur	33.638	36.321	69.959
Aðrar tekjur	71.037	91.476	162.513
Samtals tekjur	6.068.488	9.927.662	15.996.150

Tekjumörk (Gjöld):	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.	Samtals í þús. kr.
Rekstrarkostnaður	1.992.663	2.611.689	4.604.352
Afskriftir	1.690.727	3.063.424	4.754.152
Arður	2.228.339	4.272.389	6.500.728
Samtals gjöld	5.911.729	9.947.503	15.859.231


	Alm. notendur í þús. kr.	Stórnotendur í þús. kr.
Mismunur [Tekjur - Gjöld]	156.759	-19.841
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára	117.819	-441.120
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	2,0%	-4,4%

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2021 eru ofteknar 156.759 þús.kr. fyrir almenna notendur og vanteknar, -19.841 þús.kr. fyrir stórnotendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2021 eru ofteknar, 117.819 þús.kr. fyrir almenna notendur eða 2% af tekjumörkum, og vanteknar -441.120 þús.kr., eða -4,4% af tekjumörkum fyrir stórnotendur.

Uppgjörið er gert með fyrirvara um skilgreiningu á óviðráðanlegum kostnaði sbr. breytingu á raforkulögum nr. 74/2021 varðandi framkvæmd þess í uppgjöri Landsnets fyrir árið 2022. Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfssemi sérleyfisfyrirtækja eru kærnanlegar til úrskurðanefndar raforkumála. Kæra

til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Sigurður H Magnússon
Verkefnastjóri


Björn Arnar Hauksson
Sérfræðingur raforkurekstrar

Fylgiskjöl: UGLN2021E.xlsx